



BLAKSAMBAND ÍSLANDS
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

Reykjavík, 20. maí 2008

7. stjórnarfundur BLÍ, þriðjudaginn 20. maí kl. 17.15

Dagskrá

- Ársþing BLÍ (lög og reglugerðir, tillögur)
- Landsliðsmál
- Innsend / útsend bréf
- Önnur mál

Mæting: Jason Ívarsson formaður, Stefán Jóhannesson vf., Óskar Hauksson, Svala Vignisdóttir og Ástríður Valbjörnsdóttir, Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir í síma. Harald Ísaksen og Hreggviður Norðdahl mættu ekki. Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð.

Fundargerð

Ársþing

- ✓ Ársþing BLÍ verður 31. maí. Engar tillögur hafa borist ennþá.
- ✓ Ársreikningur er tilbúinn og kynnti hann fyrir stjórn. Endurskoðendur BLÍ eru nú að skoða reikningana, tilbúið fyrir þing.
- ✓ Nefndirnar á þinginu verða: Fjárhagsnefnd, kjörbréfanefnd, uppstillingarnefnd, laga- og leikreglnanefnd og allsherjarnefnd.
- ✓ Þingforseti er ekki fundinn en Jason vinnur í því

Landsliðsmál

- ✓ Eru í góðum farvegi, kvennalandsliðið hefur lokið keppni á þessu ári en liðið hefur spilað 5 landsleiki núna í maímánuði.
- ✓ Karlalandsliðið er á leiðinni til Möltu í byrjun júní og er útlitið gott og vonast eftir góðum árangri.
- ✓ Stefán lýsti málum nefndarinnar en ljóst er að undanfarin þrjú ár hefur farið meira og minna í jákvæða uppbyggingu á kvennalandsliðinu. Möltuferðin nú var að vissu leyti vonbrigði ef litið er á úrslitin en það var jákvætt að sjá að liðið spilaði sína fyrstu leiki í Evrópukeppni landsliða.



BLAKSAMBAND ÍSLANDS
ÍPRÓTTAMÍÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

- ✓ Rætt var um að skoða möguleika á að taka þátt í undankeppni fyrir Heimsmeistaramót landsliða og Jason beðinn um að fá nánari upplýsingar um það hjá FIVB.

Innsend/útsend bréf

- ✓ Frá FIVB og CEV hafa borist mörg bréf, m.a. vegna skertrar þátttöku erlendra leikmanna í félagsliðum. Hugmyndir eru uppi um að leyfa einungis tvo erlenda leikmenn á velli í einu en er þetta ennþá mjög óljóst. Síðar kom bréf þess efnis að þessar reglur tækju ekki gildi strax, heldur frekar eftir eitt til tvö ár en vissulega eru félög beðin um að aðlaga sig að þessu.
- ✓ Þann 14. mars barst sambandinu bréf frá Danmörku þar sem Danir hafa sótt um að vera gestgjafi úrslitakeppninnar í Evrópukeppni karlalandsliða árið 2011. Var um kynningu að ræða og beiðni um stuðning vegna þessa á komandi þingi.
- ✓ Einnig hafa gögn borist varðandi Heimsping FIVB sem fram fer í Dubai í júní og Ársping CEV sem fram fer í Madrid í september
- ✓ Í byrjun apríl barst bréf frá Landsmótsnefnd þar sem verið var að kynna 26. Landsmót UMFÍ sem fram fer á Akureyri.
- ✓ Í lok mars barst bréf frá ÍSÍ um ungmennabúðir Ólympíuleikanna í Peking sem fram fara í ágúst. BLÍ var beðið um að senda inn tilnefningar til búðanna og tilnefndum við Kristínu Salín Þórhallsdóttur og Árna Björnsson í búðirnar. Þau komust því miður ekki að í búðunum en aðeins eru tvö ungmenni valin til að fara.
- ✓ Mikil samskipti hafa verið vegna NEVZA mótsins á Akureyri og bréfaskriftir hafa verið milli landanna allra sem taka þátt sem og skipulagsbréf vegna mótsins sjálfs á Akureyri.
- ✓ Þann 18. mars barst bréf frá ÍSÍ um skiptingu ríkisstyrksins til sérsambanda ÍSÍ fyrir árið 2008. Styrkur BLÍ árið 2008 nemur 2.500.000 kr.
- ✓ Aukafundur stjórnar var haldinn þann 14. apríl sl. og bréfi Vals Guðjóns Valssonar svarað en hann sendi erindi til stjórnar BLÍ vegna atviks sem varð við framkvæmd leiks í úrslitum Íslandsmótsins.
- ✓ Niðurstöður úr Lyfjaeftirliti í keppni bárust og voru samtals 8 lyfjapróf tekin. Engin lyf af bannlista fundust í sýnunum.
- ✓ Skýrslan Ungt fólk 2007 barst á skrifstofu BLÍ
- ✓ Ársskýrsla Stjórnunnar barst á skrifstofu BLÍ
- ✓ Þann 31. mars barst bréf frá P. Ólafssyni þar sem okkur var tilkynnt um breytingu á nafni fyrirtækisins í Altis. Heimilisfang fyrirtækisins breyttist einnig og er Bæjarhraun 8 í Hafnarfirði.
- ✓ Jason svaraði erindi HK sem kom inn á síðasta fund stjórnar.



BLAKSAMBAND ÍSLANDS
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

Önnur mál

- ✓ Jason, Sævar og Karl Sigurðsson mættu á fund vegna Smáþjóðaleikanna á Kýpur sem fram fara 1.-6. júní á næsta ári. Jason ræddi efni fundarins sem var aðallega um forskráningar í keppni. Stefnt er að því að senda bæði lið til keppni í blaki og strandblaki, samtals 4 lið.
- ✓ Svala Vignisdóttir bar upp mál sem varðaði kosningu í lið ársins. Valið sé of gegnsætt og virðist ekki hafa verið rétt miðað við hvernig það var í vetur. Skrítið að Íslands- deildar og bikarmeistaralið Stjórnunnar sé ekki með neinn mann í liði ársins 2008. Fundarmenn tóku undir þetta og munu skoða hvort ekki sé hægt að breyta fyrirkomulaginu, t.d. með því að setja upp dómnefnd og vinnureglur í kringum kosninguna.
- ✓ Michael Overhage sendi inn erindi sem hann vildi að færi fyrir þingheim. Þar koma fram breytingar á fyrirkomulagi úrslitakeppninnar og að sambandið beiti sér fyrir betri umgjörð á leikjum, s.s. tónlist í upphitun, á milli hrina, skiptisþjöld og fleira. Fundarmenn voru sammála um að sambandið ætti að setja upp ramma með lágmarkskröfum og jafnvel setja einhvern pott upp þannig að félögin keppist um að hafa umgjörðina sem besta.
- ✓ Framkvæmdastjóri tilkynnti sumarfrí sitt frá 30. júní – 28. júlí, samtals 20 dagar. Hina fjóra dagana tekur hann fyrir eða eftir þetta tímabil.

Sævar Már Guðmundsson, fundarritari